

## REGLUGERÐ

### um orlofs- og desemberuppbætur til lífeyrisþega árið 2012.

1. gr.

*Orlofs- og desemberuppbætur.*

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 22. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og fjárhæð heimilisuppbótar skv. 8. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skal greiða uppbætur á árinu 2012.

2. gr.

*Orlofsuppbót.*

Í júlí skal greiða 20% uppbót á fjárhæðir skv. 1. gr. sem reiknast miðað við 1/12 af greiðslurétti lífeyrisþega síðustu 12 mánuði fyrir greiðslu uppbótarinnar.

3. gr.

*Desemberuppbót.*

Í desember skal greiða 30% uppbót á fjárhæðir skv. 1. gr. sem reiknast miðað við 1/12 af greiðslurétti lífeyrisþega á árinu 2012.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2012. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 991/2010, um orlofs- og desemberuppbætur til lífeyrisþega árið 2011, með síðari breytingu.

*Velferðarráðuneytinu, 22. desember 2011.*

**Guðbjartur Hannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*